

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2008  
komudagur 10.5.2010

(10.5.2010)

Reykjavík, 5. maí 2010

Til Allsherjarnefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Efni: Umsögn Kapólsku kirkjunnar á Íslandi um frumvarp  
til laga um breyting á hjúskaparlögum (485. mál).

Þann 26. apríl 2010 barst okkur beiðni frá Allsherjarnefnd Alþingis um að taka afstöðu til frumvarps til laga (485. mál) um breyting á hjúskaparlögum, sem dómsmála- og mannréttindaráðherra leggur fram.

Aðalbreytingin samkvæmt þessu frumvarpi felst í því að litið sé á hjúskap sem samband tveggja einstaklinga (af hvoru kyni eða sama kyni) en ekki lengur sem samband karls og konu. Með þessari breytingu er litið fram hjá kynferði einstaklings við stofnun hjónabandsins. Í frumvarpinu er gengið út frá því að kynferði hafi ekki ákvarðandi áhrif á hjónabandið og þar af leiðandi sé það ekki lengur viðurkennt sem grundvöllur réttinda og skyldna hjóna.



Kapólska kirkjan þakkar fyrir beiðni um álit hennar en hún furðar sig á slíku frumvarpi til laga sem felur í sér rangar hugmyndir um gildi mannlegs kynferðis og um hjónabandið. Þau viðhorf sem koma fram í frumvarpinu og greinargerðinni með því stangast á við hefðbundnar hugmyndir um mannlegt kynferði og þá mannfræði sem hefur mótað siðmenninguna frá öndverðu. Svo virðist vera sem engin önnur ástæða sé fyrir fyrirhugaðri breytingu en tíðarandinn og stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar.

Kirkjan telur að hjónabandið sé guðleg stofnun sem liggja öllu mannlegu samfélagi til grundvallar og sem stjórnvöldum er skylt að virða og vernda undir öllum kringumstæðum. Í aldanna rás hefur kirkjan tjáð sig margoft og með ýmsu móti um málefni hjúskapar og fjölskyldu en boðskapur hennar hefur alltaf verið á einn veg, eins og Vatíkanþingið hið síðara (sem sat árin 1962 til 1965) staðfesti í skjali: „Það allra nánasta samfélag lífs og kærleika sem myndar hjúskapinn var stofnsett af skaparannum og hann fyllti það lögmáli sem er því eiginlegt ... Guð er sjálfur höfundur hjónabandsins“ (*Gaudium et spes* 47).

Í *Trúfræðslurit Kapólsku kirkjunnar* (TKK, gefið út 1983) er tekið undir orð Vatíkanþingsins og bætt við: „Köllun til hjónabands er letruð í innsta eðli karls og konu eins og þau koma frá hendi skaparans. Heilög Ritning staðfestir að karl og kona voru sköpuð hvort fyrir annað: „Eigi er það gott, að maðurinn sé einsamall.“ Konan, „hold af hans holdi“, jafningi hans og trúnaðarvinur, er gefin honum sem „meðhjálp“; þannig stendur hún fyrir Guð en frá honum kemur hjálpar okkar. „Þess vegna yfirgefur maður föður sinn og móður sína og býr við eiginkonu sína, svo að þau verði eitt hold.“ Drottinn sýndi sjálfur fram á að þetta þýddi órjúfanlega einingu þegar hann rifjaði upp hver fyrirætlun skaparans hefði verið „frá upphafi“: „Þannig eru þau ekki framar tvö, heldur einn maður“ “ (TKK 1605).



Árið 1994 skrifaði Jóhannes Páll páfi II umfangsmikið *Bréf til fjölskyldna* (*Gratissimam sane*) þar sem hann fjallaði um ýmis atriði varðandi hjónabandið og fjölskylduna. Af orðum hans fer ekki milli á mála hvert er hlutverk kynferðis í einingu hjónabandsins: „Í hjónabandinu sameinast karl og kona með svo afgerandi hætti að þau verða, svo notuð séu orð fyrstu Mósebókar, „eitt hold“ (1M, 2:24). Karl og kona, hvort með sína líkamseiginleika, hinar tvær mannverur sem eru ólíkar líkamlega, *deila jafnt hvort með öðru þeim hæfileika að lifa „í sannleika og kærleika“*. Þessi hæfileiki, sem einkennir mannlega persónu, hefur bæði andlega og líkamlega vídd. Það er ekki síður fyrir líkamann að karl og kona hneigjast til að mynda „einingu persóna“ í hjónabandinu. Þegar þau sameinast með hjúskaparsáttmálanum og verða „eitt hold“ (1M 2:24), á *sameining* þeirra að verða í „sannleika og kærleika“, en þannig láta þau í ljós þann þroska sem hæfir persónum sem skapaðar eru í mynd og líkingu Guðs“ (nr. 8).

Enn ýtarlegar tjáir heilög kirkja sig í riti sem gefið var út af Páfastóli árið 1995 og ber á íslensku yfirskriftina *Sannleikurinn um mannlegt kynferði og merking þess*. Þar lesum við: „Kynferði er grundvallarþáttur í persónuleika mannsins, það er ein af leiðum hans til að eiga sér tilveru, eiga sér grundvöll, eiga samskipti við aðra, sýna tilfinningar og tjá þann mannlega kærleika sem líf hans geymir. Þessi hæfileiki til að elska og gefa af sjálfum sér er þannig ‚íklæddur‘ líkamlegri merkingu hjúskaparins og ber merki karleðlis og kveneðlis persónanna. Líkami mannsins, sem geymir kynhvöt hans, með karleðli sitt og kveneðli og eins og leyndardómur sköpunarinnar leiðir í ljós, er ekki eingöngu uppspretta frjósemi og getnaðar eins og á sér stað í allri hinni náttúrulegu skipan, heldur hefur hann alveg ‚frá upphafi‘ eiginleika til hjúskapar, það er að segja, hann hefur hæfileikann til að tjá kærleika; einmitt þann kærleika þar sem maðurinn í persónu sinni verður að gjöf og eftir leiðum þessarar gjafar uppfyllir hann innstu



merkingu verundar sinnar og tilvistar. Allar gerðir kærleikans munu ávallt bera þessi einkenni karleðlis og kveneðlis“ (nr. 10).

Af þessum tilvitnunum, sem eru aðeins sýnishorn um stöðuga boðun kirkjunnar um hjónabandið, verður augljóst að kirkjan getur með engu móti sætt sig við lagabreytingu þá sem lögð er til. Hún harmar sérstaklega að lagafrumvarpið miðast ekki eingöngu við nokkra einstaklinga heldur við þjóðfélagið í heild. Þvert á sannfæringu langflestra hjóna í þessu landi og þar með einnig kaþólskra hjóna, og í andstöðu við kaþólska kenningu sem útbreidd er um allan heim, er nýjum skilningi um hjónabandið þröngvað upp á fólk. Þetta hafa þau aldrei samþykkt og munu ekki gera. Breytingin á lögnum kippir fótunum undan forsendum stofnunar hjónabandsins og ekki er hægt að túlka hana á annan veg en sem árás á hefðbundinn hjúskap. En þar hafa stjórnvöld farið langt út fyrir lögsögu sína, því að gengið er á réttindi allra þeirra hjóna sem stofna hjúskap sinn á forsendum kynferðis og jafnréttis kynjanna, og vænta þess að þjóðfélagið viðurkenni og meti að verðleikum viðleitni þeirra til að virða og elska hvort annað, og bæta hvort annað upp í gagnkvæmri ást til þess að mynda eina heild sem nýtur algjörar friðhelgi. Röskun á hjúskaparsáttmálanum í innsta eðli sínu hefur í för með sér að friðhelgi fjölskyldunnar og hjónabandsins, sem liggur henni til grundvallar, er ekki lengur virt. Og þá er íslenskt þjóðfélag komið út á hálan ís og afleiðingar slíkrar ákvörðunar eru ófyrirsjáanlegar.

Vegna þeirra ástæðna sem hér hafa komið fram biður Kaþólska kirkjan á Íslandi hið háa Alþingi að falla frá þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á hjúskaparlögnum og ganga ekki á grundvallarréttindi landsmanna. Jafnframt bendir hún á að endurreisn íslenska þjóðfélagsins eftir ringulreið síðustu ára mun ekki verða að veruleika nema alvarlega sé hugað að siðgæði. Þær raddir hafa orðið æ háværarari hafa upp á síðkastið sem krefjast þess að siðmenntun og mannréttindi verði aftur sett á oddinn, allt frá almúganum til æðstu





embættismanna þjóðarinnar. Eftir hrun efnahagskerfisins á Íslandi myndi samþykkt frumvarpsins kalla á enn alvarlegra hrun. Kaþólska kirkjan vonar að Alþingi muni ekki stíga þetta ógæfuspor en haldi þess í stað verndarhendi yfir helgi fjölskyldunnar og hjúskaparins og hún lofar að halda ótrauð áfram að bera fram bænir sínar í þágu þjóðarinnar og ráðamanna hennar.

Sem svar við spurningu Allsherjarnefndar Alþingis getur Kaþólska kirkjan þess vegna ekki samþykkt fyrirhugaðar breytingar á hjúskaparlögunum. Í raun hefur ekkert mannlegt yfirvald leyfi til þess að breyta þeim náttúrulegu lögmálum sem koma beint frá Skaparanum. Fyrir sitt leyti mun Kaþólska kirkjan á Íslandi halda sig við Guðs lög eins og henni ber, boða heilbrigð og eðlileg viðhorf um mannleg gildi og fara þar með eftir fordæmi Krists eins og hún hefur alltaf gert.

Virðingarfyllst,

+ Pétur Bürcher  
Reykjavíkurbiskup

Fylgiskjöl:

*Réttindaskrá fjölskyldunnar, lögð fram af Páfastóli (1983).*

*Útdráttur úr Trúfræðsluriti Kaþólsku kirkjunnar (TKK, 1993).*

*Bréf til fjölskyldna, eftir Jóhannes Pál páfa II (1994).*

*Sannleikurinn um mannlegt kynferði og merking þess, frá Fjölskylduráði Páfastóls (1995).*

*Kærleikurinn krefst þjónustu þinnar og tryggðar, eftir Jóhannes Gijsen biskup (1997).*

*Afrit af bréfi Péturs Bürcher biskups til dóms- og kirkjumálaráðherra frá 28. júní 2008.*



Afrit

Reykjavík, 28. júní 2008

Til Hr. Björns Bjarnasonar,  
Dóms- og kirkjumálaráðherra,  
Skuggasundi 3  
150 Reykjavík

Hæstvirtu ráðherra,

Þann 24. júní s.l. barst til mín tilkynning frá ráðuneyti yðar varðandi staðfestingu samvistar einstaklinga af sama kyni. Samkvæmt þessum nýjum lögum verður því haldið fram, að prestar hljóti framvegis heimild til að staðfesta samvist tveggja karla eða tveggja kvenna.

Ég þarf ekki að fara með langar skýringar um afstöðu Katólsku kirkjunnar í þessum málefnum. Alkunnugt er að Katólska kirkjan heldur í hávegum heilagleika hjónabandsins og lítur á það sem heilaga stofnun, sakramenti og hornstein bæði trúarlífs og samfélagslífs. Hún kennir að frumeining mannlegs samfélags felst í lífstíðar samfélagi eins karlmanns og einnar konu og að börnum eigi að veita skjól og vernd þessarar einingar til þess að alast upp og þroskast sem fullgildar manneskjur. Kirkjunni ber að hlúa af fremsta megni að fjölskyldunni og gerir hún það í orðum sínum og gerðum, með boðun sinni og með því að standa vörn gegn öllu því, sem kann að veikja stöðu fjölskyldunnar og leiða til upplausnar hennar.

Í þessu samhengi leyfi ég mér að vitna í ræðu Hans heilagleika Jóhannesar Páls páfa II á Þingvöllum 3. júní 1989, þar sem hann sagði: "Djúpstæðar breytingar hafa orðið á fjölskyldulífi og ekki ævinlega til hins betra. Hefðbundin íslensk heimil hafa jafnan verið griðarstaðir trúar, kærleika og siðgæði... Staðreyndin er sú að



Afrit

fjölskyldur verða fyrir nýjum og alvarlegum þrýstingi sem aðeins verður létt með dýpri virðingu fyrir lífinu og meiri kærleika. Nauðsynlegt er að hefja siðferðisleg verðmæti aftur til vegs og íhuga endanlegan tilgang lífsins og guðlega handleiðslu.”

Til að vera trú köllun sinni leggur kirkjan mikla áherslu á öll þau gildi sem liggja til grundvallar heilbrigðu og siðmenntuðu fjölskyldumunstri. Hún sættir sig engan veginn við rangar og óeðlilegar hugmyndir um kynlíf og fjölskyldumunstur, sem stangast á við boðskap kristilegs siðferðis.

Enn fremur minnir hún ráðamenn í íslensku þjóðfélagi á kristilega arfleifð, sem í aldanna rás hefur mótað farsællega íslensku þjóðina og varar við röskun á fjölskylduámynd, sem téðar lagabreytingar hafa í för með sér. Íslenska þjóðin á betra skilið.

Að lokum vil ég minna á að kirkjan er sjálfráð í trúmálum og meðhöndlun sakramentanna og lýtur engu öðru valdi í þeim efnum, hvorki Alþingis né stjórnvalda né nokkurra veraldlegra valdhafa. Þess vegna munu lög 55/2008 ekki hafa nein áhrif á starfsemi Katólsku kirkjunnar.

Virðingarfyllst,

+ Pétur Bürcher  
Reykjavíkurbiskup

Afrit: til Páfagarðs (ásamt afriti af bréfi ráðuneytisins)



## Trúfræðslurit Kapólsku Kirkjunnar

### ANNAR HLUTI: LEYNDARDÓMAR KRISTNINNAR HAFÐIR UM HÖND

### ANNAR ÞÁTTUR - HIN SJÖ SAKRAMENTI KIRKJUNNAR

### ÞRIÐJI KAFLI: SAKRAMENTIN TIL ÞJÓNUSTU VIÐ SAMFÉLAGIÐ

1533. (1212) Skírnin, fermingin og evkaristían eru sakramenti kristinnar innvígslu. Þau leggja grunninn að sameiginlegri köllun allra kristinna lærisveina sem er köllun til heilagleika og til þess erindis að boða heiminum fagnaðarerindið. Þau miðla þeim náðargjöfum sem eru nauðsynlegar til að lifa samkvæmt Andanum í þessu lífi pílagrímsins á leið til hins himneska föðurlands.

1534. Tvö önnur sakramenti, helgar vígslur og hjónaband, hafa sáluhjálp annarra að augnamiði. Stuðli þau jafnframt að persónulegri sáluhjálp gerist það fyrir þjónustu við aðra. Þau miðla sérstöku erindi í kirkjunni og þjóna til að byggja upp lýð Guðs.

1535. (784) Þeir sem þegar eru vígðir með skírinni og fermingunni <sup>[1]</sup> til almenns prestdóms allra trúðara geta þegið fyrir þessi sakramenti tilteknar vígslur. Þeir sem þiggja sakramentið helgar vígslur eru vígðir í Kristi "til þess að næra kirkjuna með orði Guðs og náð." <sup>[2]</sup> "Að því er snertir kristin hjón eru þau styrkt og, ef svo má segja, vígð með sérstöku sakramenti til skyldna sinna og tignar." <sup>[3]</sup>

### 6. GREIN - SAKRAMENTIÐ HELGAR VÍGSLUR

1536. (860) Það er með sakramentinu helgar vígslur að erindinu sem Kristur fól postulunum er haldið áfram í kirkjunni allt til loka tímanna. Þannig er það sakramenti postullegrar þjónustu er felur í sér þrjár gráður: það sem heyrir til biskupi, presti og djákna. (Um erindi postullegrar þjónustu sem Kristur stofnsetti, sjá að ofan nr. 874 o.áfr. Hér verður einungis fjallað um þær sakramentislegu





(presbyterium) sem ber ásamt honum ábyrgð á staðarkirkjunni. Biskupinn felur þeim sókn til að annast eða tiltekið kirkjuembætti.

1596. Djáknarnir eru þjónar sem eru vígðir til þjónustuverkefna í kirkjunni; þeir meðtaka ekki hirðislegan prestdóm en vígslan veitir þeim mikilvæg störf í þjónustu orðsins, í guðsþjónustunni, í hinni hirðislegu forystu og kærleiksþjónustunni, verkefni sem þeir stunda undir hirðislegum myndugleika biskupsins.

1597. Sakramentið helgar vígslur er veitt með handayfirlagningu og eftirfylgjandi hátíðlegri vígslubæn þar sem Guð er beðinn um að veita vígsluþeganum þær náðargjafir Heilags Anda sem þjónusta hans krefst. Vígslan gefur sakramentislegt auðkenni sem er óafmáanlegt.

1598. Kirkjan veitir sakramentið helgar vígslur einungis skírðum karlmönnum (viri) sem fundnir eru hæfir til þess að annast hirðisþjónustuna. Kirkjuyfirvöld hafa ein þann rétt og þá ábyrgð að kalla til þjónustu þann mann sem meðtekur sakramentið helgar vígslur.

1599. Í latnesku kirkjunni er venjan sú að veita vígslusakramenti prestsins einungis þeim vígsluþegum sem eru reiðubúnir að lifa einlífi af frjálsum vilja og sem láta opinberlega í ljós þann ásetning sinn að vera einlífir vegna kærleika til Guðsríkis og vegna kærleikans að þjóna mannum.

1600. Það eru biskuparnir sem veita sakramentið helgar vígslur í öllum þremur gráðum þess.

## « 7. GREIN - HJÓNABANDSSAKRAMENTIÐ

1601. "Hjónabandssáttmálinn, þar sem karl og kona gera með sér félag um alla lífstíð, beinist samkvæmt eðli sínu að hag makanna og getnaði og uppfræðslu afkvæmis; þennan sáttmála milli skírðra persóna hefur Kristur Drottinn reist til þeirrar virðingar að vera sakramenti." [84]

### I. HJÓNABANDIÐ Í FYRIRÆTLUN GUÐS

1602. (369, 796) Heilög Ritning hefst á sköpun karls og konu í mynd og líkingu Guðs og í niðurlagi hennar er gefin sýn á "brúðkaupsveislu lambsins". [85] Allt í gegnum Ritninguna er sagt frá hjónabandinu og "leyndardómi" þess, stofnun þess og þá merkingu sem Guð hefur gefið því, um uppruna og endi þess, hvernig því hefur verið lifað á ólíkan hátt allt í gegnum hjálpræðissöguna, erfiðleikana af völdum syndarinnar og



endurnýjun þess "í Drottni" í hinum nýja sáttmála Krists og kirkjunnar. [86]

Hjónabandið í skipan sköpunarinnar

1603. (371, 2331, 2210) "Það allra nánasta samfélag lífs og kærleika sem myndar hjúskapinn var stofnsett af skaparannum og hann fyllti það lögmáli sem er því eiginlegt.... Guð er sjálfur höfundur hjónabandsins." [87] Köllunin til hjónabands er letruð í innsta eðli karls og konu eins og þau koma frá hendi skaparans. Hjónabandið er ekki hrein mannleg stofnun þrátt fyrir að það kunni í aldanna rás að hafa tekið á sig ýmsar myndir á mismunandi menningarsvæðum, við félagslegar aðstæður og eftir andlegum viðhorfum. Þessi munur á ekki að gera það að verkum að við gleymum sameiginlegum og varanlegum auðkennum þess. Jafnvel þótt virðing þessarar stofnunnar komi ekki allsstaðar jafn skýrt í ljós [88] má finna á öllum menningarsvæðum einhverja tilfinningu fyrir mikilleika hjúskaparins. "Velferð einstaklingsins og hvortveggja kristins og manlegs samfélags er með ríkjandi hætti háð heilbrigðu hjúskapar- og fjölskyldulífi." [89]

1604. (355) Guð skapaði manninn af kærleika og hann kallar hann sömuleiðis til að hafa kærleika en hann er hverjum manni eðlislægur og jafnframt grundvallarköllun hans. Því að maðurinn er skapaður í mynd og líkingu Guðs sem sjálfur er kærleikur. [90] Þar sem Guð skapaði hann karl og konu verður gagnkvæmur kærleikur þeirra að mynd þess algera og óbrigðula kærleika sem Guð hefur á mannum. Í augum skaparans er þetta gott, það er harla gott. Og þessi kærleikur sem Guð blessar á að vera frjósamur og honum ber að framfylgja þegar vakað er yfir sköpuninni: "Og Guð blessaði þau, og Guð sagði við þau: "Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna"." [91]

1605. (372, 1614) Heilög Ritning staðfestir að karl og kona voru sköpuð hvort fyrir annað: "Eigi er það gott, að maðurinn sé einsamall." [92] Konan, "hold af hans holdi", jafningi hans og trúnaðarvinur, er gefin honum sem "meðhjálp"; þannig stendur hún fyrir Guð en frá honum kemur hjálpar okkar. [93] "Þess vegna yfirgefur maður föður sinn og móður sína og býr við eiginkonu sína, svo að þau verði eitt hold." [94] Drottinn sýndi sjálfur fram á að þetta þýddi órjúfanlega einingu þegar hann rifjaði upp hver fyrirætlun skaparans hefði verið "frá upphafi": "Þannig eru þau ekki framar tvö, heldur einn maður." [95]

Hjónabandið undir valdi syndarinnar



1606. Allir menn upplifa hið illa allt í kringum sig og hið innra með sér. Þessa upplifun má einnig reyna í samskiptum karls og konu. Misklíð, drottunargirni, ótryggð, afbrýðissemi og átök sem geta snúist upp í hatur og aðskilnað hafa ávallt stofnað einingu þeirra í hættu. Með einum eða öðrum hætti getur röskun þessi orðið bráð en hana má að mestu leyti laga eftir menningaraðstæðum, samtíð og persónuleika viðkomandi. Eigi að síður virðast einkenni hennar almenn.

1607. (1848, 400) Þessi röskunin sem við verðum var við á svo sársaukafullan hátt á ekki rætur að rekja samkvæmt trúnni til náttúru karls eða konu eða eðlis samlífis þeirra, heldur til syndarinnar. Fyrsta afleiðing fyrstu syndarinnar, hvarfsins frá Guði, var slit á upprunalegu samfélagi karls og konu. Samskipti þeirra brengluðust við það að ásakanir gengu á báða bóga; [96] gagnkvæmt aðdráttarafl þeirra, sjálf gjöf skaparans, varð að samskiptum drottunar og losta; [97] og þeirri fögru köllun karls og konu að vera frjósöm, margfaldast og gera jörðina sér undirgefna fylgdi sú byrði að barnsburði skyldi fylgja þrautir og vinnunni strit. [98]

1608. (55) Eigi að síður helst skipan sköpunarinnar óbreytt enda þótt alvarleg röskun hafi orðið á henni. Til að græða sár syndarinnar þurfa karl og kona á náðinni að halda sem Guð af sinni ómælanlegu miskunnsemi neitar þeim aldrei um. [99] Án þessarar hjálpar geta karl og kona ekki komist til þeirrar einingar lífs þeirra sem Guð "í upphafi" skapaði þau til.

#### Hjónabandið í kennslu lögmálsins

1609. (410) Í miskunn sinni yfirgaf Guð ekki hinn synduga mann. Refsingin sem syndin hafði í för með sér - "með þraut skalt þú börn fæða" og "í sveita andlitis þíns skalt þú neyta brauðs þíns" [100] - geymir einnig úrræði sem takmarka áhrif þess skaða sem syndin veldur. Eftir syndafallið er hjónabandið hjálp til þess að yfirstíga sjálfshyggju, eigingirni og þá iðju að leita sjálfum sér nautnar; og það er hjálp til að opna sig hvort fyrir öðru, styðja hvort annað og að gefa af sjálfum sér.

1610. (1963, 2387) Samviskan þróaði með sér siðgæði um einingu og órjúfanleika hjónabandsins undir kennslu gamla lögmálsins. Í Gamla testamentinu var fjölkvæni ættfeðranna og konunganna ekki hafnað með afdráttarlausum hætti. Engu að síður hafði lögmálið gefið Móse þá stefnu að vernda eiginkonuna frá gerræðislegum yfirráðum eiginmannsins enda þótt, samkvæmt orðum Drottins, það geymdi enn leifar af "harðúð hjartna" mannsins sem var ástæða þess að Móse leyfði eiginmönnum að skilja við konur sínar. [101]



1611. (219, 2380, 2361) Með því að spámennirnir sáu sáttmála Guðs við Ísrael í mynd algers og trúfasts hjúskaparkærleika bjuggu þeir samvisku lýðs Guðs undir að hafa dýpri skilning á einingu og órjúfanleika hjónabandsins. [102] Rutarbók og Tobítsbók bera hjartnæmt vitni um háa stöðu hjónabandsins og um trúfesti og hlýju makanna. Erfikenningin hefur ávallt séð í Ljóðaljóðunum einstaka tjáningu mannlegs kærleika að því leyti að hann sé endurskin af kærleika Guðs - kærleika sem er "sterkur eins og dauðinn" og "mikið vatn getur ekki slökkt". [103]

#### Hjónabandið í Drottni

1612. (521) Brúðarsáttmálinn milli Guðs og lýðs hans, Ísraels, hafði undirbúið veginn fyrir hinn nýja og ævarandi sáttmála en í honum, með því að íklæðast holdi og gefa líf sitt, hefur Sonur Guðs á vissan hátt komist til einingar við allt mannkynið sem hann frelsaði og þannig gert allt tilbúið fyrir "brúðkaupsveislu lambsins". [104]

1613. Við upphaf opinbers lífs síns gerir Jesús fyrsta tákn sitt - að ósk móður sinnar - meðan brúðkaupsveisla stendur yfir. [105] Kirkjan leggur mikla áherslu á nærveru Jesú í brúðkaupsveislunni í Kana. Hún sér í henni staðfestingu á því að hjónabandið sé gott og að hún boði að eftirleiðis sé hjónabandið virkt tákn um nærveru Krists.

1614. (2336, 2382) Í prédikun sinni kenndi Jesús með ótvíræðum hætti upprunalega merkingu einingar karls og konu eins og skaparinn hafði viljað það frá upphafi: leyfið sem Móse gaf til að skilja við eiginkonu sína var tilslökun vegna harðúðar hjartnanna. [106] Hjúskapareining karls og konu er órjúfanleg: Þetta hefur Guð sjálfur ákvarðað "það sem Guð hefur tengt saman, má maður eigi sundur skilja". [107]

1615. (2364, 1642) Þessi ótvíræða áhersla á órjúfanleika hjónabandsins kann að hafa gert einhverja ráðvillta og virst vera óframkvæmanleg krafa. En Jesús hefur ekki sett á makana byrðar sem þeir geta ekki borið, sem eru of þungar - þyngri en lögmál Móse leyfði. [108] Hann kom til að reisa við upprunalega skipan sköpunarinnar sem syndin hafði raskað og hann gefur sjálfur styrkinn og náðina til að lifa við hjónaband undir nýrri sýn á Guðsríki. Það er með því að fylgja Kristi, afneita sjálfum sér og taka upp kross sinn, að hjónunum verður "gefið" að meðtaka upprunalega merkingu hjónabandsins og lifa samkvæmt henni með hjálp Krists. [109] Þessi náð kristilegs hjónabands er ávöxtur kross Krists, uppsprettu alls kristilegs lífs.





1616. Þetta fær Páll postuli okkur til að skilja þegar hann segir: “Þér menn, elskið konur yðar eins og Kristur elskaði kirkjuna og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir hana, til þess að helga hana.” Og hann bætir strax við: “Þess vegna skal maður yfirgefa föður og móður og búa við eiginkonu sína, og munu þau tvö verða einn maður.” Þetta er mikill leyndardómur. Ég hef í huga Krist og kirkjuna.” [110]

1617. (796) Allt kristilegt líf ber merki um hjúskaparkærleika Krists og kirkjunnar. Skírnin, innlimun í lýð Guðs, er þá þegar hjúskaparleyndardómur; hún er svo að segja hjúskaparlaugin [111] og fer á undan brúðkaupsveislunni sem er evkaristían. Kristið hjónaband verður þar með að virku tákni, sakramenti sáttmálans milli Krists og kirkjunnar. Fyrst hjónaband milli skírðra persóna tákna og miðlar náð er það að sönnu sakramenti nýja sáttmálans. [112]

#### Skírlífi vegna himnaríkis

1618. (2232, 1579) Kristur er miðja alls kristilegs lífennis. Tengslin við hann ganga á undan öllum öðrum tengslum, fjölskyldu eða félagslegum. [113] Allt frá upphafi hefur kirkjan haft karla og konur sem hafa neita sér um þau gæði sem felast í hjónabandinu og hafa gert það til að fylgja lambinu hvert sem það fer, staðráðin í að gera það sem Drottins er. Þau hafa leitast við að þóknast honum, hafa farið til móts við brúðgumann sem kemur. [114] Kristur hefur boðið vissum einstaklingum að fylgja sér eftir þessum vegi lífsins sem hann sjálfur er fyrirmynd að: Sumir eru vanhæfir til hjúskapar frá móðurlífi, sumir eru vanhæfir gjörðir af manna völdum, sumir hafa sjálfir gjört sig vanhæfa vegna himnaríkis. Sá höndii, sem höndlað fær. [115]

1619. (922-924) Skírlífi sökum himnaríkis er þróun á skírnarnáðinni. Það er kröftugt tákni um að tengslin við Krist séu sterkari en allt annað og að áköf eftirvænting ríkir um endurkomu hans, tákni sem einnig minnir á að hjónabandið er veruleiki þessa núverandi aldurs sem líður undir lok. [116]

1620. (2349) Hjónabandssakramentið og skírlífi vegna himnaríkis eru bæði frá Drottni sjálfum komin. Það er hann sem gefur þeim merkingu og veitir þeim náðina sem er nauðsynleg til að geta lifað þeim í samræmi við vilja hans. [117] Virðing fyrir skírlífi vegna himnaríkis [118] og kristinn skilningur á hjónabandinu eru óaðskiljanlegir þættir sem styrkja hvor annan: Hver sá sem ófrægir hjónabandið gerir einnig lítið úr dýrð skírlífisins. Hver sá sem lofar það gerir skírlífið aðdáunarverðara og ljóma þess meiri. Það sem virðist gott



einungis í samanburði við hið vonda mun að sönnu ekki vera gott. En það sem er enn betra en nokkuð sem viðurkennt er að sé gott, er það allra besta. <sup>[119]</sup>

## II. HELGIHALD HJÓNABANDSINS

1621. (1323, 1368) Í hinni latnesku helgiathöfn er hefð fyrir því að hjónavígsla tveggja kaþólskra trúenda sé haldin í heilagri messu vegna tengingar allra sakramentanna við páskaleyndardóm Krists. <sup>[120]</sup> Í evkaristíunni er minningin fullnuð um nýja sáttmálann þegar Kristur sameinast kirkjunni órjúfanlegum sáttmála, sinni elskuðu brúði sem hann lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir. <sup>[121]</sup> Því er það tilhlýðilegt að brúðhjónin innsigli jáyrði sitt að gefa sig hvort öðru, gefa hvort öðru líf sitt, með því að þau sameini það fórnargjöf Krists í þágu kirkju hans sem gerð er nærverandi í evkaristíufórinni, og með því að meðtaka evkaristíuna þannig að þau, með því að meðtaka hinn sama líkama og hið sama blóð Krists, verði “einn líkami” í Kristi. <sup>[122]</sup>

1622. (1422) “Þar sem helgisiðalegt helgiöld hjónavígslunnar er sakramentisleg helgunarathöfn verður það ... í sjálfu sér að vera gilt, verðugt og frjósamt.” <sup>[123]</sup> Því þykir það við hæfi að brúðurin og brúðguminn undirbúi sig undir helgiöld hjónavígslu sinnar og meðtaki iðrunarsakramentið.

1623. Í latneskri erfðavenju eru brúðhjónin þjónar náðar Krists og með gagnkvæmum hætti veita þau hvort öðru hjónabandsakramentið með því að láta í ljósi samþykki sitt frammi fyrir kirkjunni. Í erfðavenju Austurkirknanna eru prestarnir (biskupar eða prestar) vottar um gagnkvæmt samþykki brúðhjónanna <sup>[124]</sup> en til að sakramentið sé gilt er blessun þeirra einnig nauðsynleg. <sup>[125]</sup>

1624. (736) Hinir ýmsu helgisiðir eru auðugir af blessunar- og ákallsbænum þar sem beðið er um náð Guðs og blessun yfir hin nýju hjón, einkum brúðina. Í ákallsbæn (epíklesis) þessa sakramentis meðtaka brúðhjónin Heilagan Anda til að hafa samneyti í kærleika Krists og kirkjunnar. <sup>[126]</sup> Það er hann sem er innsiglið á sáttmála þeirra, ævarandi og ótæmandi náðarlind kærleika þeirra og krafturinn sem endurnýjar tryggð þeirra.

## III. SAMÞYKKI TIL HJÓNABANDS

1625. (1734) Hjónabandssáttmálinn er gerður á milli karlmanns og kvenmanns sem bæði eru skírð, eru frjáls að því að ganga í hjónaband og gefa samþykki sitt af frjálsum vilja; “að vera frjáls” þýðir: - að vera ekki undir nauðung; - að vera ekki



RÉTTINDASKRÁ FJÖLSKYLDUNNAR  
LÖGD FRAM AF PÁFASTÓLI  
OG ÆTLUÐ ÖLLUM ÞEIM EINSTAKLINGUM, STOFNUNUM  
OG YFIRVÖLDUM ER LÁTA SIG VARÐA HAG  
FJÖLSKYLDUNNAR Í HEIMINUM Í DAG

22. október, 1983

Gefið út sem handrit  
Reykjavík, 17. mars 1999  
Seið Jakob Rölland

## INNGANGUR

Réttindaskrá fjölskyldunnar á rætur að rekja til óskar, er kom frá biskupastefnu, sem haldin var í Rómaborg árið 1980 undir einkunnarorðunum "Hlutverk kristinnar fjölskyldu í nútíma heimi" (sbr. *Propositio* 42). Hans heilagleiki Jóhannes Páll II páfi varð við óskum biskupastefnunnar og í postullegu hvatningarbréfi sínu *Familiaris Consortio* (no. 46) skuldbatt hann páfagarð til að undirbúa réttindaskrá um fjölskylduna til kynningar viðkomandi yfirvöldum og þeim aðilum er telja málið sér skylt.

Það er mikilvægt að skilja nákvæmlega eðli og orðfæri réttindaskrárinnar eins og hún er nú lögð fram. Skjalið er ekki útlísta á trúarsetningu eða guðfræðilegu siðferði hjónabandsins og fjölskyldunnar, þó það endurvarpi hugsun kirkjunnar í þeim efnum. Ekki er hún heldur siðareglur fyrir þær stofnanir eða einstaklinga til að fara eftir er láta sig fjölskylduna varða. Réttindaskráin er einnig frábrugðin einfaldri yfirlýsingu um fræðileg grundvallaratriði er snerta fjölskylduna. Á eins skipulegan hátt og vöð er á er henni ætlað að kynna öllu samtímafólki okkar, hvort sem það er kristið eða ekki, höfuðdrætti þeirra grundvallarréttinda sem eru meðsköpuð í því náttúrulega og viðtæka samfélagi sem er fjölskyldan.

Réttindin, sem boðuð eru í réttindaskránni koma fram í mannlegri samvisku og í sameiginlegum verðmætágildum alls mannkyns. Hin kristilega sýn kemur fram í þessari réttindaskrá sem ljós guðlegrar opinberunar og varpar birtu á náttúrulegan eiginleika fjölskyldunnar. Endanleg greining leiðir í ljós að þessi réttindi eru bundin því lögmáli sem skaparinn hefur letrað í hjarta sérhverrar mannlegrar veru. Þjóðfélaginu er ætlað að verja þessi réttindi gegn öllum árásum og virða þau og efla í heild sinni.

Það bér að skilja þær réttindareglur, sem hér eru lagðar fram í ljósi þeirrar sérstöðu er "réttindaskrá" hefur. Á sumum sviðum minna reglurnar á sanna og réttilega lögbindandi hegðan; á öðrum sviðum láta þær í ljós grundvallar sannleiksgildi og meginreglu, sem hægt er að byggja á við setningu laga og stefnumörkun í fjölskyldumálum. Á öllum sviðum eru reglurnar framtíðarmarkmið er dregur taum fjölskyldunnar en hana verður að virða og verja gegn öllu ofríki.

Flest þessara réttinda er að finna í öðrum skjölum kirkjunnar svo og á alþjóðlegum vettvangi. Í þessari réttindaskrá er gerð tilraun til að útfæra þau nánar, skilgreina skýrar og raða þeim á samræmdan hátt til

kerfisbundinnar kynningar. "Heimildir og tilvísanir" koma sem viðbót við textann og sýna hvert uppruni sumra reglna er sóttur.

Réttindaskrá fjölskyldunnar er lögð fram af páfagarði, þar sem er miðstjórn og æðsta stjórnvald kaþólsku kirkjunnar. Skjalið hefur verið betrubætt af glöggskyggni og með gnægð athugasemda, sem borist hafa vegna samráðs við öll biskuparáð kirkjunnar svo og sérfræðinga í þessum málefnum frá mörgum menningarsvæðum.

Réttindaskráin er fyrst og fremst ætluð stjórnvöldum. Með því að endurvekja, til heilla fyrir samfélagið, almennan skilning á grundvallarréttindum fjölskyldunnar, getur réttindaskráin gefið fordæmi öllum þeim sem ábyrgð bera á sameiginlegum hagsmunamálum og verið uppsláttarrit við að semja lög og stefnu í fjölskyldumálum og verið leiðbeinandi við framkvæmdaáætlanir.

Það er með ráðnum hug, að páfagarður vekur á sama tíma athygli alþjóðlegra stjórnarstofnana á þessu skjali, en þær stofnanir, sem með hæfni sinni og umönnun hafa varið og haldið á lofti mannréttindum, geta ekki leitt hjá sér eða leyft því að viðgangast að brotið sé á grundvallarréttindum fjölskyldunnar.

Að sjálfsögðu er réttindaskránni einnig beint til fjölskyldna. Markmið hennar er að auka skilning innan fjölskyldunnar um ómetanlegt hlutverk og stöðu fjölskyldunnar; henni er ætlað sameina fjölskyldur til að verjast og halda á lofti réttindum sínum; hún hvetur fjölskyldur til að uppfylla skyldur sínar á þann veg að hlutverk hennar verði á skýrari hátt metið að verðleikum og henni verði gefinn meiri gaumur í heiminum í dag.

Að lokum er réttindaskránni beint til allra karla og kvenna, og þá sérstaklega til þeirra sem kristnir eru, með hvatningu um að þau leggi sig fram við að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að réttindi fjölskyldunnar séu virt og að fjölskyldan, sem stofnun, sé eflað til hagsbóta fyrir allt mannkynið í nútíð og framtíð.

Með því að leggja fram þessa réttindaskrá, eins og óskað var eftir af fulltrúum biskupsdæma heimsins, fer páfagarður þess sérstaklega á leit við allra meðlimi kirkjunnar, svo og stofnanir hennar, að kristin sannfæring beri skýrt vitni um ómetanlega stöðu fjölskyldunnar og að fjölskyldur og foreldrar fái nauðsynlegan stuðning og hvatningu til að framkvæma það verk sem Guð hefur falið þeim.

# RÉTTINDASKRÁ FJÖLSKYLDUNNAR

## FORMÁLI

Með það í huga að:

- A. réttindi manneskjunnar, þrátt fyrir að þau komi fram sem réttindi einstaklingsins, eiga grunn sinn í félagslegu umhverfi og hafa eðlislægan og mikilvægan farveg í fjölskyldunni;
- B. fjölskyldan er byggð á hjónabandi, þeim nána samruna þar sem karl og kona mynda eina heild og byggist á órjúfanlegum tengslum hjúskapar, sem er stofnsettur og lýstur opinber með frjálsum samkomulagi og örvar lífsgetnað;
- C. hjónabandið er að stofni til náttúrulegt og hefur þau forréttindi að vera lífsgjafi;
- D. fjölskyldan, náttúruleg að stofni til, gengur á undan ríkinu eða öðrum samfélögum og hefur að geyma eðlislæg réttindi sem eru óafsalanleg;
- E. fjölskyldan hefur miklu meira til að bera en að vera einungis lagaleg, félagsleg og efnahagsleg eining, hún er samfélag kærleika og samstöðu, sem er einstaklega vel búið til að kenna og erfa menningarleg, þjóðleg, félagsleg, andleg og trúarleg gildi, sem eru afar mikilvæg í þroska og velferð fjölskyldumeðlima og þjóðfélagsins;
- F. fjölskyldan er sá vettvangur, þar sem mismunandi kynslóðir koma saman og hjálpa hver annarri að vaxa í mannlegri visku og samræma réttindi einstaklingsins öðrum kröfum þjóðlífsins;
- G. fjölskyldan og þjóðfélagið sem tengjast lífsnauðsynlegum og gagnkvæmum böndum, hafa sameiginlegum skyldum að gegna við að verja og efla hag sérhverrar manneskju svo og mannkyns;
- H. reynsla ýmissa menningarsamfélaga sögunnar hefur sýnt fram á nauðsyn þess að þjóðfélagið viðurkenni og verji fjölskyldueininguna;



I. samfélaginu, og er þá sérstaklega átt við ríkið og alþjóðlegar stofnanir, ber að vernda fjölskylduna með aðgerðum af pólitískum, efnahagslegum, félagslegum og lagalegum toga, sem stefna að því að tryggja einingu og stöðugleika fjölskyldunnar, svo hún geti lagt rækt við sérstakar skyldur sínar;

J. réttindi, grundvallarþarfir, velferð og fjölskyldugildi eru iðulega hunsuð, þrátt fyrir að þeim sé í vaxandi mæli veitt öryggi á mörgum sviðum, og oftast en ekki er grafið undan þessum atriðum af stofnunum og með lögum og félagslegum hagfræðiáætlunum;

K. margar fjölskyldur neyðast til að búa við fátækt, sem hindrar þær í að uppfylla hlutverk sitt með reisu;

L. katólska kirkjan, sem gerir sér ljóst að það sem er til hagsbóta fyrir manneskjuna, samfélagið og kirkjuna kemur með fjölskyldunni, hefur ávallt talið það hluta af trúboði sínu að boða öllum þá áætlun Guðs sem dvelur í mannlegu eðli og varðar hjónabandið og fjölskylduna, halda merki þessara tveggja stofnanna á lofti og verja þær gegn þeim er á þær ráðast;

M. biskupastefnan sem haldin var árið 1980 mælti eindregið með því að réttindaskrá fjölskyldunnar yrði samin og dreift til allra viðkomandi;

kynnir páfagarður í samráði við biskuparáð nú þessa

## RÉTTINDASKRÁ FJÖLSKYLDUNNAR

og hvetur öll ríki, alþjóðleg félagssamtök og allar stofnanir er hafa áhuga, svo og einstaklinga, að stuðla að virðingu fyrir þessum réttindum og tryggja gagnlega viðurkenningu þeirra og að farið verði eftir þeim.

### 1. GREIN

Allar manneskjur eiga rétt á að velja lífsferil sinn og þar með að ganga í hjónaband og setja á stofn fjölskyldu eða standa utan hjúskapar.

a) Sérhver karl og sérhver kona sem náð hafa giftingaraldri og bera nauðsynlega eiginleika, hafa rétt á að giftast og setja á stofn fjölskyldu án mismununar af neinu tagi; lagalegar hindranir, sem koma í veg fyrir að þessi réttur sé nýttur, hvort sem þær eru tímabundnar eða varanlegar, er einungis hægt að leggja fram þegar alvarleg og hlutlæg skilyrði

hjónabandsins sjálfs krefst þess og virðing þess í félagslegu og opinberu lífi; í öllum tilfellum verður að virða reisn og grundvallarréttindi manneskjunnar.

b) Þau sem vilja giftast og setja á stofn fjölskyldu eiga rétt á þeirri kröfu að þjóðfélagið skapi umhverfi siðferðis, menntunar, félagsmála og efnahags, sem geri þeim kleift að notfæra sér rétt sinn til að giftast af fullum þroska og ábyrgð.

c) Gildi hjónabandsins sem stofnunar eiga opinber yfirvöld að styrkja; ekki má setja stöðu þess sambúðarfólks, sem ekki eru gift, jafnfætis hjónabandi sem uppfyllir öll skilyrði.

## 2. GREIN

Ekki er hægt að stofna til hjónabands nema með frjálsum og fullu samþykki beggja maka svo greinilegt sé.

a) Með fullri virðingu fyrir hefðbundnu hlutverki fjölskyldna á vissum menningarsvæðum við að leiðbeina börnum sínum að taka ákvarðanir, verður að varast allan þrýsting sem getur leitt til þess að komið sé í veg fyrir val á ákveðinni manneskju sem maka.

b) Hjónaefnin eiga rétt á að stunda trú sína hindrunarlaust. Af þeim sökum er það brot gegn þeim rétti að setja skilyrði fyrir giftingu að trú eða trúarjátningu sé afneitað gangi slíkt gegn samvisku viðkomandi.

c) Makarnir í því náttúrulega jafnvægi, sem ríkir á milli karls og konu ber sama reisn og jafnrétti í hjónabandinu.

## 3. GREIN

Makarnir eiga óafturkræfan rétt á að setja á stofn fjölskyldu og ákveða tímalengd á milli fæðinga og fjölda barna, sem þau vilja eiga, enda taka þau fullt tillit til eigin skyldu gagnvart sjálfum sér, börnum sínum er fæðst hafa, fjölskyldunni og þjóðfélaginu, í réttlátu gildismati og í samræmi við hlutlægt siðferði, sem útilokar að gripið sé til getnaðarvarna, ófrjósemisaðgerða og fóstureyðingu.

a) Aðgerðir opinbera yfirvalda og einkasamtaka, sem að einhverju leyti ganga í þá átt að skerða frelsi hjóna til ákvörðunartöku er varðar börnin, hefur í för með sér alvarlegt brot gegn mannlegri reisn og réttlæti.

b) Í alþjóðlegum samskiptum má ekki setja framkvæmdaáætlun um getnaðarvarnir, ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar sem skilyrði fyrir efnahagsaðstoð.

c) Fjölskyldan hefur rétt á aðstoð frá þjóðfélaginu við að fæða og ala upp börnin. Þau hjón er sjá fyrir stórrí fjölskyldu eiga rétt á viðunandi hjálp og eiga ekki að þola mismunun.

#### 4. GREIN

Mannlegt líf verður að virða og vernda á allan hátt strax frá getnaði.

a) Fóstureyðing er beint brot á grundvallarrétti manneskjunnar til að lifa.

b) Virðing fyrir reisu manneskjunnar útilokar alla hagræðingu eða hagnýtingu á mannlegu fóstri í tilraunaskyni.

c) Öll afskipti af erfðafræðilegum þáttum mannlegrar persónu, sem ekki er ætlað að lagfæra afbrigðileika, er brot á rétti mannsins til síns eigin líkama og gengur gegn hag fjölskyldunnar.

d) Börnin eiga rétt á sérstakri vernd og aðstoð bæði fyrir og eftir fæðingu og það sama á við um mæður þeirra meðan á meðgöngu stendur og í hæfilegan tíma eftir að þær hafa borið barn sitt.

e) Öll börn, hvort sem þau eru fædd í hjónabandi eða utan þess, eiga sama rétt til félagslegrar verndar, sem tekur mið af öllum þáttum persónulegs þroska.

f) Munaðarleysingjar eða börn, sem ekki njóta aðhlynningar foreldra sinna eða foðramanns, verða að fá sérstaka vernd frá þjóðfélaginu. Hvað varðar fóstur eða ættleiðingu þá verður ríkið að koma á lagasetningu, sem gerir hæfum fjölskyldum kleift að bjóða velkomin á heimili sín þeim börnum er þurfa tímabundna eða varanlega umönnun. Á sama tíma verður slík lagasetning að virða náttúruleg réttindi foreldranna.

g) Fötlúð börn eiga rétt á því umhverfi á heimili og í skólum, sem hæfir mannlegum þroska þeirra.

## 5. GREIN

Þar sem foreldrar hafa gefið börnum sínum líf er það óafsalanlegur frumréttur þeirra að mennta þau og verður þar af leiðandi að viðurkenna foreldrana sem aðalkennara barna sinna.

a) Foreldrar eiga rétt á að mennta börn sín í samræmi við siðferðilega og trúarlega sannfæringu sína, sem tekur mið af menningarhefðum fjölskyldunnar og tekur til greina hagsæld og reisn barnsins; þjóðfélagið á einnig að liðsinna og veita nauðsynlega aðstoð til að foreldrar geti rækt menntunarhlutverk sitt sem skyldi.

b) Foreldrar eiga rétt á að velja, án þvingana, skóla eða aðrar leiðir til að börnin hljóti þá menntun sem þeim er talið fyrir bestu. Opinberum yfirvöldum ber skylda til að tryggja, að opinberir styrkir séu veittir á þann hátt að foreldrar hafi sannarlega frelsi til að nota þennan rétt án þess að taka á sig óréttmætar byrðar. Foreldrar eiga ekki að þurfa að bera, beint eða óbeint, aukin útgjöld, sem koma í veg fyrir eða takmarka á óréttmætan hátt þetta frelsi.

c) Foreldrar eiga rétt á að sjá til þess að börnum þeirra sé ekki gert að sækja kennslutíma, sem ekki samræmast siðferðilegri og trúarlegri sannfæringu þeirra. Sérstaklega er kynfræðsla grundvallarréttur foreldra og verður hún ávallt að fara fram undir nánu eftirliti þeirra, hvort sem hún fer fram á heimilum eða í menntastofnunum, sem foreldrar velja og líta eftir.

d) Gengið er á rétt foreldra, þegar ríkið kemur á skyldubundnu kennslukerfi, sem útilokar alla trúariðkun.

e) Frumrétt foreldra að mennta börn sín verður að virða á öllum stigum samvinnu á milli foreldra, kennara og skólayfirvalda og sérstaklega á þann hátt að þátttaka þeirra sé tryggð með því að hlustað sé á rödd þjóðfélagsþegnsins við starfrækslu skóla og við myndun og framkvæmd kennslustefnu.

f) Fjölskyldan á rétt á að geta gengið að því sem vísu að félagsleg miðlun sé jákvætt tæki í uppbyggingu þjóðfélagsins og muni styrkja grundvallargildi fjölskyldunnar. Á sama tíma á fjölskyldan rétt á að fá viðeigandi vernd, sérstaklega með tilliti til yngstu meðlima hennar, gegn neikvæðum áhrifum fjölmiðla.

## 6. GREIN

Fjölskyldan hefur rétt á tilvist og að þróast sem fjölskylda.

a) Opinber yfirvöld verða að virða og leggja rækt við reisn, lagalegt sjálfstæði, friðhelgi, heilindi og stöðugleika sérhverrar fjölskyldu.

b) Skilnaður grefur undan stofnunarþætti hjónabandsins og fjölskyldunnar.

c) Stórfjölskylduna ber að hafa í hávegum, þar sem hana er að finna, og henni á að hjálpa til að starfrækja betur hefðbundið hlutverk sitt hvað varðar samstöðu og gagnkvæma aðstoð, en jafnframt á að virða rétt kjarnafjölskyldunnar og persónulega reisn hvers fjölskyldumeðlims.

## 7. GREIN

Sérhver fjölskylda hefur rétt á því frelsi að búa við eigið trúarlíf undir leiðsögn foreldranna og jafnframt rétt til að játa opinberlega og bera með sér trú sína; að taka þátt í almennri tilbeiðslu og trúfræðslu að eigin vali án þess að verða fyrir aðkasti.

## 8. GREIN

Fjölskyldan hefur rétt á að nýta sér félagslega og pólitíska stöðu sína við uppbyggingu þjóðfélagsins.

a) Fjölskyldur hafa rétt á að stofna til félagsskapar við aðrar fjölskyldur og stofnanir til að uppfylla hlutverk sitt á viðeigandi og árangursríkan hátt, jafnframt því að varðveita réttindi og leggja rækt við betri hag fjölskyldunnar og kynna hagsmuni hennar.

b) Á sviði efnahagsmála, félagsmála, laga og menningar verður að viðurkenna réttmætt hlutverk fjölskyldunnar, þegar verið er að semja og þróa framkvæmdaáætlanir er snerta fjölskyldulífið.

## 9. GREIN

Fjölskyldur hafa rétt á að geta treyst á opinbera fjölskyldustefnu á vettvangi dómsmála, efnahagsmála, félagsmála og fjármála án þess að eiga á hættu að verða mismunað á nokkurn hátt.

a) Fjölskyldur hafa rétt á efnahagslegum aðstæðum, sem tryggja þeim lífskjör sem hæfir reisin þeirra og fullum þroska. Þær á ekki að hindra í að öðlast og viðhalda eigin auði, sem kemur sér vel fyrir stöðugleika fjölskyldulífsins; lög er varða erfðafé eða eignatilfærslur verða að virða þarfir og réttindi fjölskyldumeðlima.

b) Fjölskyldur hafa rétt á aðgerðum á sviði félagsmála, sem tekur mið af þörfum þeirra, sérstaklega þegar ótímabær dauði annars eða beggja foreldra á sér stað eða við brotthvarf annars foreldris, við slys, veikindi eða þrekleysi, þegar atvinnuleysi á sér stað eða í hvert skipti sem fjölskyldan verður að bera auknar byrðar vegna meðlima sinna í tilvikum eins og elli, líkamlegri eða andlegri fötlun eða við menntun barnanna.

c) Öldruðum ber sá réttur að fjölskylda þeirra skapi þeim lífsskilyrði, eða viðeigandi stofnanir ef það er ekki hægt, sem gerir þeim kleift að lifa efri ár sín í friðsæld jafnframt því að stunda þau áhugamál, sem samboðin eru aldri þeirra og gerir þeim fært að taka þátt í félagslífi.

d) Réttindi og lífsnauðsynjar fjölskyldunnar, og þá sérstaklega gildi fjölskyldunnar sem einingar, verður af hafa í huga þegar refsilöggjöf og stefna í refsimálum er komið á. Það verður að gera á þann hátt að sá sem sætir varðhaldi fái að viðhalda sambandi við fjölskyldu sína og að nægjanlega sé séð fyrir þörfum fjölskyldunnar á meðan fangelsisvist stendur yfir.

## 10. GREIN

Fjölskyldur eiga rétt á félagslegri og efnahagslegri skipan, þar sem vinnutilhögun gerir meðlimum hennar kleift að búa saman og kemur ekki í veg fyrir sameiningu, velferð, heilsu og stöðugleika fjölskyldunnar, jafnframt því sem boðið er upp á vandaða dægrastyttingu.

a) Umbun starfs verður að nægja til að setja á stofn og viðhalda fjölskyldu með reisin. Annað hvort er það gert með hæfilegum launum, sem hægt er að nefna "kaup fjölskyldunnar", eða með félagslegum aðgerðum svo sem fjölskyldubótum eða að greitt sé fyrir heimilivinnu annars foreldris. Því verður að haga því svo til að móðirin sjái sig ekki knúna til að vinna utan heimilisins, ef það kemur niður á fjölskyldulífinu og sérstaklega menntun barnanna.

b) Heimilisstarf móðurinnar verður að viðurkenna og virða í ljósi þess hversu mikilvægt það er fyrir fjölskylduna og þjóðfélagið.

#### 11. GREIN

Fjölskyldan hefur rétt á viðunandi húsnæði, sem hentar fjölskyldulífi og hæfir fjölskyldustærð og að umhverfi hennar láti í té þá grundvallarþjónustu er fjölskyldulífið þarfnast svo og samfélagið.

#### 12. GREIN

Fjölskyldur farandverkamanna eiga rétt á samskonar réttindum og öðrum fjölskyldum er veitt.

a) Innflytjendafjölskyldur eiga rétt á að virðing sé borin fyrir menningu þeirra og að þær fái stuðning og aðstoð til að geta aðlagast því samfélagi er þau leggja sinn skerf til.

b) Verkamenn sem flytjast búferlum eiga rétt á að fjölskyldur þeirra séu sameinaðar eins fljótt og kostur er.

c) Flóttamenn eiga rétt á aðstoð frá opinberum yfirvöldum og alþjóðlegum stofnunum sem stuðli að endursameiningu fjölskyldna þeirra.

# HEIMILDIR OG TILVÍSANIR

## Formáli

- A. *Rerum Novarum*, 9; *Gaudium et Spes*, 24.
- B. *Pacem in Terris*, 1. hluti; *Gaudium et Spes*, 48 og 50; *Familiaris Consortio*, 19; *Codex Iuris Canonici*, 1056.
- C. *Gaudium et Spes*, 50; *Humanae Vitae*, 12; *Familiaris Consortio*, 28.
- D. *Rerum Novarum*, 9 og 10; *Familiaris Consortio*, 45.
- E. *Familiaris Consortio*, 43.
- F. *Gaudium et Spes*, 52; *Familiaris Consortio*, 21.
- G. *Gaudium et Spes*, 52; *Familiaris Consortio*, 42 og 45.
- I. *Familiaris Consortio*, 45.
- J. *Familiaris Consortio*, 46.
- K. *Familiaris Consortio*, 6 og 77.
- L. *Familiaris Consortio*, 3 og 46.
- M. *Familiaris Consortio*, 46.

### 1. grein

- Rerum Novarum*, 9; *Pacem in Terris*, 1. hluti; *Gaudium et Spes*, 26; *Universal Declaration of Human Rights*, 16, 1.
- a) *Codex Iuris Canonici*, 1058 og 1077, *Universal Declaration*, 16, 1.
  - b) *Gaudium et Spes*, 52; *Familiaris Consortio*, 81.
  - c) *Gaudium et Spes*, 52; *Familiaris Consortio*, 81 og 82.

### 2. grein

- Gaudium et Spes*, 52; *Codex Iuris Canonici*, 1057; *Universal Declaration*, 16, 2.
- a) *Gaudium et Spes*, 52.
  - b) *Dignitatis Humanae*, 6.
  - c) *Gaudium et Spes*, 49; *Familiaris Consortio*, 19 og 22; *Codex Iuris Canonici*, 1135; *Universal Declaration*, 16, 1.

### 3. grein

- Populorum Progressio*, 37; *Gaudium et Spes*, 50 og 87; *Humanae Vitae*, 10; *Familiaris Consortio*, 30 og 46.
- a) *Familiaris Consortio*, 30.
  - b) *Familiaris Consortio*, 30.
  - c) *Gaudium et Spes*, 50.

### 4. grein

- Gaudium et Spes*, 51; *Familiaris Consortio*, 26.
- a) *Humanae Vitae*, 14; SACRED CONGREGATION FOR THE DOCTRINE OF THE FAITH [STJÓRNARDEILD TRÚARKENNINGA], *Declaration on Procured Abortion*, 18. nóvember, 1974; *Familiaris Consortio*, 30.
  - b) Jóhannes Páll II páfi, *Address to the Pontifical Academy of Sciences*, 23. október, 1982.
  - d) *Universal Declaration*, 25, 2; *Convention on the Rights of the Child*, formálsorð og 4.
  - e) *Universal Declaration*, 25, 2.
  - f) *Familiaris Consortio*, 41.
  - g) *Familiaris Consortio*, 77.



## 5. grein

*Divini Illius Magistri*, 27-34; *Gravissimum Educationis*, 3; *Familiaris Consortio*, 36; *Codex Iuris Canonici*, 793 og 1136.

- a) *Familiaris Consortio*, 46.
- b) *Gravissimum Educationis*, 7; *Dignitatis Humanae*, 5; Jóhannes Páll II páfi, *Religious Freedom and the Helsinki Final Act* (bréf til þjóðhöfðingja þeirra þjóða er undirrituðu lokayfirlýsingu Helsinkiráðstefnunnar), 4b; *Familiaris Consortio*, 40; *Codex Iuris Canonici*, 797.
- c) *Dignitatis Humanae*, 5; *Familiaris Consortio*, 37 og 40.
- d) *Dignitatis Humanae*, 5; *Familiaris Consortio*, 40.
- e) *Familiaris Consortio*, 40; *Codex Iuris Canonici*, 796.
- f) Páll VI páfi, *Message for the Third World Communications Day*, 1969; *Familiaris Consortio*, 76.

## 6. grein

*Familiaris Consortio*, 46.

- a) *Rerum Novarum*, 10; *Familiaris Consortio*, 46; *International Covenant on Civil and Political Rights*, 17.
- b) *Gaudium et Spes*, 48 og 50.

## 7. grein

*Dignitatis Humanae*, 5; *Religious Freedom and the Helsinki Final Act*, 4b; *International Covenant on Civil and Political Rights*, 18.

## 8. grein

*Familiaris Consortio*, 44 og 48.

- a) *Apostolicam Actuositatem*, 11; *Familiaris Consortio*, 46 og 72.
- b) *Familiaris Consortio*, 44 og 45.

## 9. grein

*Laborem Exercens*, 10 og 19; *Familiaris Consortio*, 45; *Universal Declaration*, 16, 3 og 22; *International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights*, 10, 1.

- a) *Mater et Magistra*, II hluti; *Laborem Exercens*, 10; *Familiaris Consortio*, 45; *Universal Declaration*, 22 og 25; *International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights*, 7, a, ii.
- b) *Familiaris Consortio*, 45 og 46; *Universal Declaration*, 25, 1; *International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights*, 9, 10, 1 og 10, 2.
- c) *Gaudium et Spes*, 52; *Familiaris Consortio*, 27.

## 10. grein

*Laborem Exercens*, 19; *Familiaris Consortio*, 77; *Universal Declaration*, 23, 3.

- a) *Laborem Exercens*, 19; *Familiaris Consortio*, 23 og 81.
- b) *Familiaris Consortio*, 23.

## 11. grein

*Apostolicam Actuositatem*, 8; *Familiaris Consortio*, 81; *International Covenant on Economic, Social and Cultural Rights*, 11, 1.

## 12. grein

*Familiaris Consortio*, 77; *European Social Charter*, 19.

## Bæn fyrir fjölskyldunni

Gud, af þér fær hvert faðerni nafn sitt á himni og jörðu.

Faðir kærleika og lífs, gef að sérhver fjölskylda hér á jörðu verði komandi kynslóðum sannur helgidómur lífs og ástar, fyrir Son þinn, Jesúm Krist, sem fæddist af konu, og fyrir Heilagan Anda, uppsprettu guðlegs kærleika.

Leið þú í náð þinni hugsanir og athafnir foreldranna í þágu velferðar fjölskyldna þeirra og allra fjölskyldna í heiminum.

Gef, að fjölskyldan verði unglíngum tryggur bakhjarl í þroska og vexti í sannleika og kærleika.

Gef, að kærleikurinn, sem hlótið hefur staðfestu í sakramenti hjónabandsins sigrist á veikleikum og vandamálum, sem fjölskyldan á við að etja.

Veit þú einnig, fyrir bænarstað hinnar heilögu fjölskyldu í Nasaret, að starf kirkjunnar meðal þjóða heimsins megi bera ríkulegan ávöxt í fjölskyldunni.

Þú ert kærleikurinn og sannleikurinn og lífið í einingu Sonarins og hins Heilaga Anda.

Amen.

✠ Jóhannes Páll páfi II  
Róm, október 1980